

150. stjórnarfundur Náttúrustofu Vestfjarða
föstudaginn 8. nóvember 2024
Fundurinn fór fram með Microsoft teams og hófst kl. 10:00

Fundinn sátu: Lilja Magnúsdóttir (á Tálknafirði), Smári Haraldsson (á Ísafirði) og Sigurður Halldór Árnason forstöðumaður (í Bolungarvík). Friðbjörg Matthíasdóttir mætti á fundinn undir 1. og 2. dagskrárliðum (á Bíldudal). Catherine Chambers og Bragi Þór Thoroddsen varamaður hennar boðuðu forföll.

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Friðbjörg Matthíasdóttir fór yfir áætlaða fjárhags niðurstöðu ársins og gerði grein fyrir vinnu við fjárhagsáætlun 2025. Rætt var um forsendur og gerð fjárhagsáætlunarinnar.

2. Starfsmannahald og rekstur.

Forstöðumaður fór yfir þessi mál. Nú starfa 12 manns á stofunni, þar af er einn nemi og ein í fæðingarorlofi. Þá er einn starfsmaður kallaður til eftir þörfum. Stöðugildi eru nú 8,3.

3. Fundargerð 149. Stjórnarfundar og samráðsfundar.

Lagðar fram fundargerðir 149. stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða og samráðsfundar aðildarsveitarfélaga stofunnar (ársfundar) sem haldinn var föstudaginn 27. september 2024.

Fundargerð 149. stjórnarfundar hafði áður verið samþykkt og voru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

4. Stefnumótunarvinna, sbr. 6. dagskrárlið 149. stjórnarfundar.

Lagt fram minnisblað frá stefnumótunarfundi 19. janúar 2024, sbr. 6. dagskrárlið á 149. stjórnarfundi.

Forstöðumaður fór yfir minnisblaðið og gerði grein fyrir stöðu einstakra mála.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.